

Sjötta lota: Áræðni; Kjarkur, kraftur, kjarkur, virkni, frumkvæði

Í upphafi sjöttu lotu er vorið komið og tími til að njóta lífsins af krafti. Þessi lota er krefjandi fyrir kennara því þeir þurfa að leyfa sér að sleppa sér aðeins, losa um orkuna með því að öskra upp í vindinn, ganga berfættir úti, gera óvenjulega hluti og stíga út fyrir þægindahringinn sinn.

1. Að gera eitthvað óvenjulegt

- Einn af mest gefandi hlutum sjöttu lotu er að fást við óvenjuleg verkefni. Það skiptir ekki öllu máli hvað er gert á meðan verkefnið er mikil áskorun fyrir börnin og vonandi kennarann líka svo hópurinn upplifi sameiginlega nýja lífsreynslu sem stuðlar að sjálfstrausti barna gagnvart nýjungum.
- Mikilvægasta reynslan af nýjum verkefnum skilar sér best ef hún reynir á ólíkan hátt á skynfæri barnanna. (t.d. heyrn, snertingu, sjón, lykt). Að ganga berfætt í drullu og öskra í leiðinni er til dæmis frábært verkefni.

2. Líkamleg áreynsla og íþróttir

- Að vori er eðlilegt að einbeita sér að æfingum og íþróttum. Þrátt fyrir að hreyfing sé hluti af daglegum verkefnum allt árið um kring er núna kominn tími til að kennarar hugi að því hvað er hægt að gera til þess að auka þol barnanna.
- Það er kjörið að beina börnum að mörgum ólíkum íþróttum í skólanum. Það er ástæðulaust að telja íþróttir leiðinlegar þó nemandi gangi illa í fótbolta. Þá er bara að prófa fleiri greinar og passa upp á að nálgast þær með jákvæðu hugarfari. Fjölmargir hópleikar eru líka frábærar íþróttir til þess að stunda utandyra.

3. Tjáning, dans og tónlist

- Þó tjáning, dans og tónlist fylgi öllum lotum, þá hverfur skemmtanagildið ekki og tímabært að leggja sérstaka áherslu á kraft og sköpun núna. Börnin geta tekist á við að búa til sín eigin tónlist, að flytja hana og dansa með fyrir framan aðra krefst mikils kjarks. Einnig fyrir kennararann að vera góð fyrirmynd og njóta verkefnisins.
- Þessa þætti hefur verið árangursríkt að samþætta við vorferðir sem nokkurs konar uppskeruhátið á kvöldvöku, sem er vel undirbúin af börnunum.
- Skorið á börnin að nota mjög stórar hreyfingar. Ein leið til þess að gera slík er að nota langa borða. Til þess að koma þeim á flug er nauðsynlegt að nota stórar hreyfingar og klassísk tónlist gerir verkefnið ævintýrlegt.

4. Að vera leiðtogi

- Að taka ákvarðanir og bera mikla ábyrgð er gott að undirbúa með því að takast á við smærri hluti og auka ábyrgðina með tímanum. Fyrstu verkefni nemenda á þessari leið eru að stjórna leikjum, sjá til þess að matartímar fari fram í frið og ró, sjá um að þrif fari fram eftir mat og að velja verkefni í hópátíma.
- Að stjórna verkefni og velja fyrir hóp. Með ungum börnum ákvarðanir þurfa ekki að vera stórar, en athygli kennarans er á að barnið fái að velja fyrir hópinn. „eins og vinur okkar X hefur valið verður þetta verkefnið í hópátíma í dag. Takk fyrir þessa góðu hugmynd kæri X“. Í einföldum verkefnum er lögð áhersla á að sú eða sá sem valdi verkefnið sé spurð álits oft og taki allar ákvarðanir. Til dæmis ef hópurinn er að búa til pappírsskutlur er ágætt að spyrja að því hvort lita eigi blaðið fyrst eða lita það eftir að skutlurnar eru til.

5. Að standa með eigin skoðunum og rökræða.

- Að bjóða barni að standa á fætur og spyrja um eitthvað úr þeirra lífi. Hvað borðaðir þú um helgina, hvaða matur fannst þér góður og hvers vegna?“. Þetta er góð byrjun á því að þróa kjark þeirra og auka frumkvæði. Oft leiðir þetta til þess að börn skiptast á skoðunum, færa rök fyrir sinni skoðun, ásamt því að þjálfá þau í að hlusta á sjónarmið annara. Æfingar úr þessari átt þurfa að eiga sér stað reglulega svo ekki dragi úr kjarkinum. Eins og svo oft áður gildir að æfingin skapar meistarann.

6. Frumkvæði

- Það að spyrja börn: “Hvernig getur þú leyst þetta verkefni upp á eigin spýtur?” er lykill að því að stuðla að sjálfstæði þeirra. Að finna eigin lausn á vandamálum eða viðfangsefnum getur auðvitað falið í sér aðstoð frá öðrum en lausnin er engu að síður barnsins. Þessi spurning getur fært ábyrgð aftur til barnanna varðandi lítil hversdagsleg atriði eins og að fá þau til að renna sjálf rennilásunum, reima eigin skó og svo framvegis. Þessi spurning getur fengið börn til að taka meiri ábyrgð og sýna frumkvæði.
- Í vinasamböndum er mikilvægt að stuðla að jafnvægi til að annar einstaklingurinn sé ekki sá sem tekur ákvarðanirnar og hinn/hinir fylgja með. Stundum er nóg að minna börnin á að standa með sjálfum sér og segja sitt álit en í öðrum tilfellum þarf meiri aðstoð. Til dæmis getur þurft að breyta röð í valkerfi til að allir taki ákvörðun út frá eigin vilja og löngun þegar börnin velja sér viðfangsefni

7. Að nota verkfæri

- Að fá tækifæri til að nota alvöru verkfæri, til dæmis borvélar, sláttuvélar, sagir eða önnur verkfæri sem börn sjá fullorðna nota gefur þeim tilfinningu fyrir því að “geta allt”. Þetta má til dæmis gera með því að hugsa um skólastofuna eða nærumhverfið, herða upp á skrúfum í borðum og stólum, umhirðu um lóð og fleira. Að sjálfsögðu alltaf undir mjög ströngu eftirliti fullorðinna.
- Að byggja kofa á eigin spýtur er tækifæri til að skapa eitthvað frá grunni. Við smíðavinnuna fá börnin tækifæri til að nota mörg kunnugleg verkfæri og að smíðunum loknum geta þau leikið sér við og í byggingunni. Að byggja eigið hús skapar einingu í hópnum og góða reynslu af því hverju góð samvinna getur áorkað.

8. Að hafa áhrif á umhverfið.

- Fjölmargir möguleikar eru fyrir hendi eins og að heimsækja bæjarráð eða skrifa bæjarstjóra bréf um málefni sem varðar skólann eða málefni barna. Að heimsækja elliheimili í nágrenninu og syngja eða dansa með gamla fólkinu er frábært verkefni. Einnig getur verið frábært að bjóða sama fólki í heimsókn í skólann.
- Allt sem snertir náttúruna getur verið gott verkefni til að hafa áhrif á umhverfið. Að gróðursetja tré er skemmtilegt í þessu samhengi, því tréið vex með barninu. Með því að þekkja tréð “okkar”, er hægt að fara árlegar ferðir til þess að hlúa að því, mæla vöxt og árangur. Samanburður að vori og hausti sýnir með táknrænum hætti hvernig við getum haft bein áhrif á umhverfi okkar með krafti og virkni. Þá getum við einnig haft mjög augljós áhrif á umhverfið með því að sýna þá virðingu að tína rusl í kringum skólann okkar.

9. Vorferð

- Ef möguleiki er á ættu bekkjarhópar að fara í ferðalag að vori, helst í 2-3 daga ferð. Fyrir ferðina kynna börnin sér það landsvæði sem þau heimsækja og skipuleggja fjölmörg verkefni, söngva, leikrit og fleira til að gera á kvöldvökum. Margir foreldrar tala um að börnin komi “einni stærð stærri” til baka úr þessum ferðum.
- Í tengslum við vorferðina er kjörið að láta börnin afla upplýsinga og staðreynda um landsvæðið sem er verið að fara á, jafnvel að draga saman smá landafræði, sagnfræði og skemmtisöguágrip um staðinn. Kennari þarf þá bara að lesa í hversu mikið hann þarf að aðstoða við þessa gagnaöflun.

Áræðnilota – Hrós og hvatning


Að nota viðeigandi hrós sem leggur áherslu á það sem verið er að efla með barninu þá stundina er skilvirkasta leiðin í átt að árangri. Hér eru hugmyndir til að hvetja börn á meðan á sjöttu lotu stendur.

Kjarkur – Þú þorðir... FRÁBÆRT!

Kraftur - Flott – þú ert að nota kraftinn þinn!

Virkni – Áfram - þú stendur þig vel!

Frumkvæði – Finnurðu hvað þér gengur vel þegar þú notar þína aðferð?



Funded by the European Commission [Daphne III program](#).

European Commission is not responsible for the implementation and the content of the project.